

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Mosfellsbæ , 15 apríl 2010

Skýrsla Svæðisstjóra Þórsvæðis

Ágætu umdæmisstjórnarmenn

Vikuna eftir síðasta umdæmisstjórnarfund héldum við í Þórsvæði svæðisráðsfund og var hann haldinn í Mosfellsbæ. Þetta var hinn ágætasti fundur og var helsta mál hans væntanlegar breytingar á Svæðaskiptingu. Urðu um þetta nokkrar og snarpar umræður en niðurstaðan varð sú að þetta mál þyrfti að klára og eyða allri óvissu þar um.

Skýrsluskil klúbbana hafa verið með ágætum en þó ber það við enþá að skýrslur frá Færeyjum berast ekki á réttum tíma. Sérstaklega á þetta við um Rósan og í einstaka tilfellum Eysturoy. Tórshavnar klúbburinn hefur staðið sig vel í skilum á réttum tíma.

Úr skýrslum klúbbana má lesa að starf þeirra er í föstum skorðum en þó vil ég geta þess að Hekla hefur veitt úr sínum styrktarsjóði 510.000 kr. og Tórshavn 15.000 DKK síðan á síðasta fundi okkar.

Ég ætlaði að fara til Færeyja í þessari viku en varð af fjölkylduástæðum að fresta þeirri ferð, mun geyma hana til haustsins. Höfum við umdæmisstjóri rætt það að rita klúbbunum í Færeyjum bréf þar sem gert verður grein fyrir kostum og göllum við að gera Færeyjar að sér svæði innan umdæmisins.

Ég mun að loknum þessum fundi heimsækja klúbbana og gera þeim grein fyrir niðurstöðum fundarins hér í dag.

Að lokum vil ég geta þess að svæðisstjórn Þórsvæðis ákvað að fresta fyrirhuguðum svæðisráðsfundi sem vera átti á Ísafirði þann 1. maí næstkomandi. Verður honum frestað til hausts.

Með kiwaniskveðju
Svæðisstjóri Þórsvæðis

